

# Fréttapistill frá forseta Íslands

7. september 2020

Fyrsta dag þessa mánaðar kom hópur fólks saman á Bessastöðum við merkilegt tilefni. Teknar voru í notkun lyftur sem bæta hér aðgengi, önnur við útidyratröppur og hin í blómaskála að móttökusal. Eftir þessar breytingar mun fólk í hjólastól eiga auðveldara með að komast um staðinn. Bessastaðastofa var reist árin 1761-1766 og er friðuð þótt húsið hafi að sjálfsögðu tekið miklum breytingum í áranna rás, innan húss sem utan. Aðrar endurbætur í þessum efnum hafa einnig átt sér stað undanfarin ár en ætíð má gera betur. Brýnt er að við nýbyggingar sé lögum og reglum um aðgengi ætíð fylgt. Nánari upplýsingar um viðburðinn má sjá á heimasíðu forsetaembættisins:

<https://www.forseti.is/.../2020-09-01-baett-a%C3%Bogengi.../>.

Myndband frá viðburðinum má einnig sjá á fésbókarsíðu Bergs Þorra Benjamínssonar, formanns Sjálfsbjargar:

<https://www.facebook.com/bergur.benjaminsson/posts/10224321305286338>

Annan dag mánaðarins sótti ég frumsýningu myndarinnar „How the Titanic became my lifeboat“. Myndin snýst að mestu um æsku og uppvöxt Brynjars Karls Birgissonar og það afrek hans að smíða eftirlíkingu af Titanic úr legókubbum. Þar að auki er fjallað um einhverfu frá ýmsum sjónarhornum og ungmenni á einhverfurófi koma fram og segja sögu sína.

Þennan sama dag bættist enn í verðlaunasafn Hildar Guðnadóttur tónskálds og Víkings Heiðars Ólafssonar píanóleikara. Bæði voru heiðruð á Opus Klassik hátíðinni í Þýskalandi.

Víkingur var útnefndur besti einleikarinn á píanó fyrir flutning sinn á verkum frönsku tónskáldanna Debussy og Rameau en Hildur hlaut verðlaun fyrir nýstárlegustu tónleika ársins. Ég óska þeim til hamingju með verðskulduð verðlaun.

Á fimmtudaginn var lá leið mín í sendiráð Indlands. Þar skrifaði ég samúðarkveðju í minningabók vegna fráfalls Pranabs Mukherjee, forseta landsins árin 2012–2017. Eftirmaður hans, Ram Nath Kovind kom í opinbera heimsókn hingað til lands síðastliðið sumar.

Enn er fundum og viðburðum frestað eða þeir felldir niður. Sama á við um utanferðir og gestakomur útlendinga. Gott er að sjá af könnunum að Íslendingar bera enn mikið traust til stjórnvalda og hafa tröllatru á þeim aðgerðum sem sóttvarnaryfirvöld hafa lagt til og ákveðið hefur verið að fylgja. Ýmsar fregnir af gerð bóludefnis úti í heimi vekja einnig bjartsýni og von. Gera má því skóna að senn geti samfélagið færst í eðlilegt horf. Mér segir þó hugur að margt verði áfram með öðrum brag, til dæmis að í stað ýmissa ferðalaga sem áður þóttu eðlileg verði fjarfundir haldnir í ríkari mæli og nýst verði við nýjar leiðir til að skiptast á skoðunum, fræðast og eiga í samskiptum. Áfram verður þó líka brýnt að geta hitt fólk, ferðast og rætt saman augliti til auglitis.

Í lokin má geta þess að fyrsta dag mánaðarins sást margæsin aftur hér á Álftanesi, eftir sumardvöl á varpstöðvum á norðurslóðum Kanada. Til fróðleiks er hér kafli um farleið margæsa við Ísland af wikipediu og mynd fylgir af gæsaþrópi og þarf þar að taka vilja ljósmyndara fyrir verkið.

„Margæsir eru alfríðaðar á Íslandi. Þær eru fargestir á Íslandi og hafa hér viðkomu á leið til og frá varpstöðvum sínum í heimsskautahéruðum NA-Kanada. Fyrstu fuglarnir koma frá Írlandi í byrjun apríl og þeim fjölgar jafnt og þétt til 10. maí en þá er hámarki náð. Gæsirnar eru við strendur Faxaflóa og við sunnanverðan Breiðafjörð (við mynni Álftafjarðar) þangað til þær fljúga á brott síðustu daga maímánaðar. Þær fara héðan um 3000 km leið á varpstöðvar og er algengt að þær fljúgi þá leið í einni lotu á þremur sólarhringum. Leið þeirra liggur yfir Grænlandsjökul í allt að 2400 metra hæð yfir sjó. Þetta flug er mjög erfitt fyrir margæsirnar, þær eru spikfeitar, þær hafa safnað orkuforða og eiga því í erfiðleikum með að ná nógu mikilli flughæð til að komast yfir jökulinn. Margæsir flytja með sér orkuforða af farstöð sinni á Íslandi til varpstöðva. Sú orka nýtist þeim við varp skömmu eftir komu á varpstöðvar. Staðsetning Íslands og milt loftslag gerir skilyrði til forðasöfnunar fyrir áframhaldandi flug mjög hagstæð og ráða miklu um viðgang stofnsins. Árið 2018 fannst varp hjá margæs á Bessastaðanesi. Er að í fyrsta sinn sem vitað er um slíkt varp margæsa á Íslandi.“

Ég óska lesendum velfarnaðar.